

# Rannsókn á árangri endurhæfingar einstaklinga með starfræn taugaeinkenni

Á tauga- og hæfingarsviði Reykjalundar fer fram endurhæfing einstaklinga með skerta færni vegna tauga- eða vöðvasjúkdóma, einstaklinga sem hafa fatlast ungrir, auk einstaklinga með margvísleg einkenni sem rekja má til breyttrar starfsemi taugakerfisins. Um fjórðungur einstaklinga sem kemur til þverfaglegrar endurhæfingar á tauga- og hæfingarsviði er með greininguna starfræn taugaeinkenni eða taugakerfisröskun (ICD 10: F44.4). Starfræn taugaeinkenni geta verið margvísleg svo sem göngulagstruflanir, máttmínkun, kippir, krampar/köst, svimi, taltruflun, minnstruflun, skyntuflun svo sem dofi eða sjóntruflun. Einkennin eru oftast mjög hamlandi í daglegu lífi þessa fólks og hafa mikil áhrif á félagslega virkni einstaklinganna, hlutverk þeirra og starfshæfni. Í flestum tilfellum er um að ræða unga einstaklinga, en samkvæmt afturvirkri samantekt á tauga- og hæfingarsviði Reykjalundar fyrir árin 2010-2013 var meðalaldur einstaklinganna 38 ár sem komu til endurhæfingar, þar af voru 80% konur. Einkennin höfðu í 48% tilvika verið til staðar í minna en þrjá mánuði, en 28% höfðu haft einkennin í 3 ár eða lengur. Árangur endurhæfingarinnar á þessu tímabili sýndi að 60% einstaklinga voru laus við einkennin eða með áberandi minni einkenni við útskrift, en 40% með aðeins minni eða svipuð einkenni og við komu. Þessi samantekt á nokkurn samhljóm við niðurstöður



SIF GYLFADÓTTIR  
MSc, SÉRFRÆÐINGUR Í  
TAUGASJÚKRAPJÁLFUN.  
TAUGA- OG HÆFINGARSVIÐI  
REYKJALUNDAR

rannsókna í vísindaheiminum og ýtti við okkur á tauga- og hæfingarsviði Reykjalundar til að auka þekkingu okkar enn frekar. Frá því í byrjun árs 2016 hefur rannsókn verið í gangi á Reykjalundi á árangri endurhæfingar á einstaklingum með starfræn taugaeinkenni. Markmið rannsóknarinnar er að auka þekkingu á starfrænum taugaeinkennum, sjúkdómsgangi, meta hvað einkennir þennan sjúklingahóp og meta árangur endurhæfingar á Reykjalundi. Rannsóknin er unnin af þverfaglegu teymi og er leidd af Guðrúnu Karlsdóttur, endurhæfingarlækni á Reykjalundi.

Sjúkraþjálfun er stór hluti meðferðar einstaklinga með starfræn taugaeinkenni á Reykjalundi, sem er í samræmi við niðurstöður nýlegra rannsókna á endurhæfingu þessara einstaklinga.

Teymisvinnan er því oft leidd áfram af sjúkraþjálfurum og á sama tíma og hún er mjög skemmtileg þá er hún krefjandi á tíma og hugmyndaðgi, þolinmæði, og þverfaglegt samstarf. Mikilvægt er að nýta þekkingu sem hefur verið að byggjast upp á Íslandi og eiga samvinnu á milli stofnana um nálgun. Gott samstarf ríkir á milli sjúkraþjálfara tauga og hæfingarsviðs Reykjalundar og taugadeildar Landspítalans og tengsl verið við sjúkraþjálfara Glenn Nielsen í Skotlandi, sem hefur verið leiðandi í rannsóknum á þessu sviði. Samstarfsaðili Niensens, Jon Stone hefur þróað vefsíðu sem getur nýst sem fræðslufni fyrir einstaklinga með starfræn einkenni og er hjálpleg viðbót í meðferð þeirra (<http://www.neurosymptoms.org>).

Fylgist með í næsta tölublaði Sjúkraþjálfarans

Við undirbúning rannsóknarinnar á Reykjalundi var leitað í klíniska reynslu hér á landi og í niðurstöður annarra rannsókna. Niðurstaðan var að nota 10 metra göngupróf, 6 mínútna göngupróf, sitja og standa á 1 mínútu, stigagöngu upp og niður 10 þrep, stöðujafnvægi á gólfi og á púða og mælistiku á þörf á stuðningi/hjálpartækjum við að fara 5m, 50m eða 500m. Mælingarnar eru framkvæmdar við komu, við útskrift og við 6 mánaða og 12 mánaða eftirfylgd. Þessi mælitæki gefa góðar upplýsingar um breytingar í tíma, en hafa þó vissa takmörkun þar sem þær meta ekki gæði hreyfinga nema að litlu leyti. Í klínískri vinnu er notkun hreyfimynda mikið notuð, bæði til að útskýra einkennin og til að skilgreina meðferð og framfarir fyrir einstaklingunum sjálfum og aðstandendum þeirra. Þörf er á frekari vinnu til að þróa betri mælitæki fyrir einstaklinga með starfræn taugaeinkenni.

Frá upphafi rannsóknar, í byrjun árs 2016 hafa 11 einstaklingar tekið þátt í rannsókninni en eftirfylgd er ólokið. Frekari upplýsingar um innihald rannsóknarinnar á Reykjalundi og samantekt yfir fyrstu mælingar kemur í næsta tölublaði Sjúkraþjálfarans, haustið 2017. Fylgist með



Dæmi um starfræn taugaeinkenni